

Ed.

14. Frumvarp til laga

[14. mál]

um vistheimili fyrir stúlkur.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur samkvæmt fyrirmælum 37. gr. laga nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna. Skal ríkissjóði skylt að leggja fram nauðsynlegt fé í sambandi við stofnun og rekstur heimilisins, sbr. þó fyrirmæli 2. málgr. sömu lagagreinar.

2. gr.

Til þess að spara ríkissjóði útgjöld í sambandi við stofnun heimilisins og til þess jafnframt að flýta fyrir framkvæmdunum svo sem unnt er, skal ríkisstjórnin leita eftir samkomulagi við hlutaðeigandi aðila um afhendingu héraðsskólans að Reykjum í Hrutafirði fyrir vistheimilið, enda verði héraðinu jafnframt gefinn kostur á að reka elli- og örorkuheimili í stofnuninni, eftir því sem aðstæður leyfa.

Takist ekki samkomulag um afhendingu skólans ásamt tilheyrandi landi, byggingum öllum og áhöldum og öðru því, er skólanum tilheyrir, skal ríkissjóði heimilt að taka eignarnámi þann hluta þessara eigna, sem hann er ekki þegar eigandi að, enda komi fullt gjald fyrir.

3. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að setja á stofn og reka vinnuheimili fyrir öryrkja og gamalmenni í sambandi við vistheimilið, eftir því sem húsrúm og aðrar aðstæður leyfa. En áður skal þó liggja fyrir yfirlýsing frá héraðinu, að það óski ekki að reka þar slíkt heimili.

4. gr.

Vinnuheimili, sem ríkissjóður kynni að koma upp og reka samkv. 3. gr., skal eiga sama rétt til fjárhagslegrar aðstoðar úr erfðafjárjóði, sem stofnaður var með lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, og aðrir þeir aðilar, sem um ræðir í 2. gr. þeirra laga, enda fullnægi heimilið ákvæðum laganna um fyrirkomulag og rekstur.

5. gr.

Lög þess öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna, er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli koma upp að minnsta kosti tveimur vistheimilum fyrir unglunga, sem lent hafi á glapstígum, þegar fé sé til þess veitt á fjárlögum. Skal annað heimilið vera fyrir pílta, en hitt fyrir stúlkur.

Á fjárlögum fyrir árið 1951 var í fyrsta skipti veitt nokkurt fé til þess að stofna og starfrækja slíkt heimili. Var þá ákveðið í samráði við barnaverndarnefnd, að fé þetta skyldi notað til þess að stofna og starfrækja vistheimili fyrir drengi. Var þegar hafizt handa um að koma heimilinu upp, og hefur það þegar tekið til starfa með ágætum árangri. Hefur síðan á hverju ári verið veitt nokkurt fé bæði til rekstrarins og til áframhaldandi bygginga. Hefur þegar verið byggt fyrir 15 drengi, en eftir er enn að kosta miklu fé til bygginga og endurbóta, áður en starfræksla þar geti orðið svo sem fyrirhugað og nauðsynlegt er.

Það hefur því ekkert fé verið fyrir hendi til þess að koma upp vistheimili fyrir stúlkur, en á því er svo mikil þörf, að það má á engan hátt dragast, ef ekki að að verða að því sívaxandi tjón fyrir þjóðfélagið.

Sé horfið að því að byggja allt upp frá grunni, mun þurfa til þess að minnsta kosti 6—8 millj. kr. Og með því að vitað er, að fyrir hendi er mikil skólabýgging að Reykjum í Hrótafirði, sem á margan hátt væri mjög heppileg fyrir slíkt vistheimili, en litlar eða engar líkur til, að skóli verði rekinn þar í framtíðinni, þykir rétt að heimila ríkisstjórninni að semja um afhendingu skólans fyrir vistheimilið eða að taka þann hluta eignarinnar eignarnámi, er ríkissjóður er ekki þegar eigandi að, ef samkomulag tekst ekki. Mætti á þann hátt bæði spara ríkissjóði milljónaútgjöld og jafnframt flýta framkvæmdum, jafnvel um mörg ár, en það eitt er afar mikils virði, svo mikil sem nauðsyn á vistheimilinu er.

Þá skal og bent á, að takist samningar um afhendingu skólans, þá mætti samfara vistheimili fyrir stúlkur reka þar vinnuheimili fyrir öryrkja og gamalmenni, en slíka starfsemi er mjög hentugt að reka í sambandi við vistheimilið, og er því gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að héraðið fái aðstöðu til að hafa þar slíka starfsemi, ef það óskaði þess, eða að ríkissjóður tæki einnig að sér þann rekstur, ef það þætti æskilegra. Gæti þetta orðið héraðinu miklu meira virði en að halda þar áfram rekstri skólans við litla eða enga aðsókn, því vitað er, að það er eitt af vandamálum héraða nú að geta ekki komið upp slíkum vinnuheimilum og verða því að sæta því að senda öryrkja og gamalmenni frá sér til annarra héraða, þar sem þeir e. t. v. hafa miklu lakari skilyrði til að stunda vinnu við sitt hæfi. Slík starfsemi mundi skapa nægjanlegt verkefni fyrir stúlkurnar á vistheimilinu, en það er eitt af höfuðskilyrðunum fyrir góðum árangri, að verkefni séu nægjanleg og við hæfi þeirra, sem þar eiga að dveljast.

Rétt er að ákveða, að ef ríkissjóður setur á stofn slíka starfsemi í sambandi við vistheimilið, þá njóti hún sömu fjárhagsaðstoðar úr erfðafjárjóði og aðrir þeir aðilar, sem rétt eiga á fé úr sjóðnum til slíkrar starfsemi.

Með því að mál þetta allt er mjög aðkallandi, er þess vænt, að frumvarpið nái fram að ganga á sem allra skemmstum tíma.